



Nefndartillaga um útvistarlíf barna og ungmenna á Norðurlöndum

1. Tillaga nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hefja og hrinda í framkvæmd starfsemi sem tengist útvist, þar á meðal norræni ráðstefnu um málefnið í tengslum við norræna útvistarárið sem haldið verður árið 2015. Gott gæti verið að skipuleggja starfsemina í samstarfi við norræna tengslanetið um útvist og áherslan ætti fyrst og fremst að beinast að börnum og ungmennum, heilsu, hreyfingu og þar með talið götuþróttum,

að þróa og hrinda í framkvæmd norrænni stefnu um útvist í þéttbýli, sem einkum stuðlar að notkun barna og ungmenna á almenningsgördum og öðrum útisvæðum á borgarsvæðum og sem getur tryggt jákvæða upplifun, þar á meðal líkamlega og félagslega starfsemi til að bæta andlega og líkamlega hreysti. Ennfremur skal vinna hlutastefnu, sem einnig kemur til móts við börn og ungmenni utan stærri borga og bæja, til dæmis á jaðarsvæðum.

að umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2015 skuli veitt verkefni með norrænni skírskotun, herferð eða þess háttar, sem bæti möguleika barna og ungmenna á virkri útvist í borgum og bæjum og sem styðji við líkamsfærni, hreyfifærni og félagslega tjáningarmöguleika á svæðum í nágrenni borga sem líkjast almenningsgördum og á opnum grænum svæðum og gjarnan verkefni sem einnig gæti náð til fyrirmynda og *góðra starfshátta* í tengslum við kennslu undir berum himni, hreyfingu og sjálfbærni í námi almennt séð á útisvæðum

að hrinda í framkvæmd samanburðargreiningu á reglum og löggjöf Norðurlanda um borgarskipulag í tengslum við aðgengi að grænum

svæðum og útivistarsvæðum með tilliti til sköpunar framtíðarumgjardar, sem stuðlar að virkri útivist í borgum

Norðurlandaráð

að í formennskuáætlun Dana í Norrænu ráðherranefndinni sem gildir árið 2015 verði tekin með stefna, starfsemi og ráðstefna um norræna útivist eins og lýst er í málsliðunum hér á undan, þannig að tekið sé tillit til hagsmuna barna og ungmenna um leið og leikur, nám og hreyfing verði líka stór hluti formennskuáætlunarinnar, ekki síst í ljósi hátíðahalda í tilefni af „norræna útivistarárinu 2015“

A 1617/kultur

Lagt fram af:
Menningar- og menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00082-5

að gefin verði munnleg skýrsla af hálfu Norrænu ráðherranefndarinnar á þinginu 2016 um þann árangur sem náðst hefur og þá starfsemi sem hefur verið í gangi um útivistarlíf á Norðurlöndum á vegum ráðherranefndarinnar

Norðurlandaráð

A 1617/kultur

Lagt fram af:
Menningar- og menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00082-5

2. Aðdragandi

Náttúra og útivistarlíf gegna lykilhlutverki og eru þáttur í að sameina Norðurlöndin.

En þróunin á öllum Norðurlöndunum er áhyggjuefni vegna þess að útivistarsvæðum í borgunum og í kringum þær er smátt og smátt eytt og þau hverfa. Um leið sjáum við að það er að myndast nýr og vaxandi stéttamunur í samfélaginu. Munurinn snýst ekki bara um efnahag eða félagslega stöðu, heldur um þá íbúahópa sem búa við góða heilsu og þá sem ekki gera það vegna sjúkdóma, streitu og ofþyngdar.

Norðurlöndin standa andspænis mörgum sambærilegum áskorunum. Af þeim sökum er líka skynsamlegt að standa saman í leitinni að góðum lausnum. Með samstarfi geta Norðurlöndin náð fram meiri áhrifum og ávinningi í útivistarmálum.

Aukin þéttbýlismyndun og flutningur til stórra borga á Norðurlöndum getur orðið á kostnað útivistar. Um leið vitum við að græn svæði í nágrenni íbúðahverfa hafa bein áhrif á almennt líkamlegt og andlegt ástand okkar. Útreikningar hafa sýnt að ef vegalengdin frá íbúðabyggðinni að næsta græna svæði er meira en einn kílómetri, þá aukast líkurnar á verra heilsufari, offitu og streitu. Það finnast aðrar rannsóknir sem benda til þess að streita tengist fjölda heimsókna á græn svæði. Því oftast sem fólk leitast á útivistarsvæði, þeim mun minna verður vart streitu.

Um leið liggur ljóst fyrir að hreyfingarleysi barna og ungmenna fer vaxandi. Í einni rannsókn kom fram að einungis 26% þeirra barna sem tóku þátt voru úti undir berum himni á hverjum degi sumarið 2011, sem er 33% minna en hjá kynslóð afa og ömmu. Tölur sýna líka að síðan árið 2004 hefur hlutfall virkra íþróttaiðkenda í til dæmis Danmörku, sem kjósa að stunda íþróttir í íþróttafélögum, lækkað úr 67 niður í 41%. Hreyfingarleysi getur því orðið ein af stóru afleiðingunum.

Þess vegna er mikilvægt að vinna að því að skipulagi útivistar sé þannig háttáð að hægt sé að stunda hreyfingu sem á sér stað í íbúabyggð og á grannsvæðum borgarumhverfis og á landsvæðum þar sem börnin ferðast um að jafnaði. Það er mikilvægt að koma á einföldum og mjög aðgengilegum valkostum þannig að þeir íbúahópar sem í dag standa utan við öðlist betri aðgang að til dæmis götuíþróttum, hreyfingu og líkamsþjálfun undir berum himni.

3. Umsagnarferli

Menningar- og menntamálanefnd hefur fjallað um tillöguna í janúar 2014 þar sem útvistarsamtökunum Friluftsráðet í Danmörku var boðið á fund nefndarinnar. Tillagan var rædd og Friluftsráðet kom með hugmyndir og ábendingar við tillöguna.

4. Sjónarmið nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefnd telur það vera mikilvægt að pólitískri athygli sé nú beint að útvist í norrænu samhengi. Norðurlöndin hafa burði til að eiga mun öflugra samstarf á þessu sviði.

Börn og ungmenni á Norðurlöndunum eyða miklum tíma í tölvuleiki og með *Ipads*, þar sem þau eru líkamlega óvirk og sitja kyrr. Þetta getur haft gríðarlega víðtækar afleiðingar á lýðheilsu. Sykursýki 2 er vaxandi heilsufarsvandur, ekki síst á meðal barna og ungmenna. Um leið sjást þess merki í dag að áhugi barna á því að skrá sig í félagsstarfsemi og íþróttafélög fer minnkandi. Börn og ungmenni stunda í auknum mæli einstaklingsíþróttir eins og hjólabretti og götufótbolta eða hjóla kannski á torfæruhjólum. Að sjálfsögðu er það jákvætt og gott fyrir heilsufar. En það eru íbúahópar sem ekki eru jafn sterkir á svellinu og sem þurfa hjálparhönd til þess að koma út og vera virkir. Það geta verið of þung börn eða börn með sérþarfir og einmana börn. Eða minnihlutahópar þar sem einkum stúlkur af innflytjendaættum hafa ekki beinan aðgang að eða kost á að stunda íþróttir vegna menningarmunar eða staðalímynda um kyn og íþróttir.

Hér getur útvist í þéttbýli skipt máli. Með því að taka útisvæði og stuðla að borgarskipulagi sem kemur til móts við hreyfingu og sem stuðlar að leik, námi og líkamsþjálfun og styður við virka unglíngamenningu, geta fleiri íbúahópar öðlast tækifæri til að taka þátt í hreyfingu og útvist.

Ennfremur má ekki gleyma smærri bæjum og jaðarsvæðum þar sem það getur verið erfitt fyrir marga íbúahópa að fá aðgang að til dæmis íþróttahúsum og sundlaugum þar sem fjarlægðin getur verið löng og ferðalög erfið til næsta íþróttamannvirkis.

Annar þáttur sem einnig ætti að koma við sögu í norrænni stefnu um útvist eru áskoranir sem varða félagslega viðkvæm börn og ungmenni með sérþarfir sem geta notið mikillar ánægju af útvist. Það ber að hjálpa þessum einstaklingum til að upplifa náttúruna, sem getur skapað mikilvægan afþreyingarkost meðal barnanna í daglegu lífi – bæði í bæjum og til sveita. Um getur verið að ræða leik og störf í náttúrunni eins og matargerð yfir opnum eldi, útskurð, flugdrekasmíði, fuglaskoðun og ekki síst mismunandi félagslega skapandi og tengslamyndandi leiki. Hið félagslega og uppbyggilega starf fyrir börn með sérþarfir getur notið mikils stuðnings af útvistarlífi. Þverfaglegt samstarf við til dæmis geðlæknþjónustu getur einnig átt mjög vel við.

Á grundvelli þessa telur nefndin að svo miklir kostir séu tengdir því að nota kosti útvistar á virkan hátt að norrænu ríkisstjórnirnar eigi að leggja áherslu á málið í formennskuáætluninni árið 2015. Þetta átak mun verða til gagns fyrir allt í senn lýðheilsu, sjálfbærni og hreyfingu í leik og námi sem og í félagslegu starfi sem hjálpar börnum með sérþarfir og veitir þeim nýja færni og möguleika á félagslegri þátttöku.

Norðurlandaráð

A 1617/kultur

Lagt fram af:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00082-5

Norðurlandaráð

A 1617/kultur

Lagt fram af:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00082-5

5. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur menningar- og menntamálanefnd til, að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hefja og hrinda í framkvæmd starfsemi sem tengist útivist, þar á meðal norræni ráðstefnu um málefnið í tengslum við norræna útivistarárið sem haldið verður árið 2015. Gott gæti verið að skipuleggja starfsemina í samstarfi við norræna tengslanetið um útivist og áherslan ætti fyrst og fremst að beinast að börnum og ungmennum, heilsu, hreyfingu og þar með talið götuíþróttum,

að þróa og hrinda í framkvæmd norrænni stefnu um útivist í þéttbýli, sem einkum stuðlar að notkun barna og ungmenna á almenningsgöðum og öðrum útisvæðum á borgarsvæðum og sem getur tryggt jákvæða upplifun, þar á meðal líkamlega og félagslega starfsemi til að bæta andlega og líkamlega hreysti. Ennfremur skal vinna hlutastefnu, sem einnig kemur til móts við börn og ungmenni utan stærri borga og bæja, til dæmis á jaðarsvæðum.

að umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2015 skuli veitt verkefni með norrænni skírskotun, herferð eða þess háttar, sem bæti möguleika barna og ungmenna á virkri útivist í borgum og bæjum og sem styðji við líkamsfærni, hreyfifærni og félagslega tjáningarmöguleika á svæðum í nágrenni borga sem líkjast almenningsgöðum og á opnum grænum svæðum og gjarnan verkefni sem einnig gæti náð til fyrirmynda og *góðra starfshátta* í tengslum við kennslu undir berum himni, hreyfingu og sjálfbærni í námi almennt séð á útisvæðum

að hrinda í framkvæmd samanburðargreiningu á reglum og löggjöf Norðurlanda um borgarskipulag í tengslum við aðgengi að grænum svæðum og útivistarsvæðum með tilliti til sköpunar framtíðarumgjáðar, sem stuðlar að virkri útivist í borgum

að í formennskuáætlun Dana í Norrænu ráðherranefndinni sem gildir árið 2015 verði tekin með stefna, starfsemi og ráðstefna um norræna útivist eins og lýst er í málsliðunum hér á undan, þannig að tekið sé tillit til hagsmuna barna og ungmenna um leið og leikur, nám og hreyfing á útisvæðum verði líka stór hluti formennskuáætlunarinnar, ekki síst í ljósi hátíðahalda í tilefni af „norræna útivistarárinu 2015“

að gefin verði munnleg skýrsla af hálfu Norrænu ráðherranefndarinnar á þinginu 2016 um þann árangur sem náðst hefur og þá starfsemi sem hefur verið í gangi um útivistarlíf á Norðurlöndum á vegum ráðherranefndarinnar

København, 31. marts 2014

Annette Lind (S)

Göran Montan (M), næstformand

Ingebjørg Amanda Godskesen (FrP)

Jorodd Asphjell (A), formand

Juliane Henningsen (IA)

Karen Ellemann (V)

Liselott Blixt (DF)

Peter Johnsson (S)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Sinuhe Wallinheimo (saml)

Svein Harberg (H)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Villum Christensen (LA)

Tuula Peltonen (sd)

Norðurlandaráð

A 1617/kultur

Lagt fram af:

Menningar- og

menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00082-5

Norðurlandaráð

A 1617/kultur

Lagt fram af:

Menningar- og

menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00082-5